

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1927.

Stefán Kristjánsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1927.

S k ó g a r h ö g g:

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður, o.fl.	717 hestburðir	
Birgðir f. f. ári	102	819 hestb.
Sent til R.vík.	57	"
Selt efni-og eldiv.	89 1/2	"
Til girð. og húsabóta	12 1/2	"
Eldiv. skógarvarðar,	167	"
Leyft högg (eldiv.)	340	"
		<u>666</u> "
		153 hestb.

Fyrirliggjandi 31/12

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var út reitnum:

Birki	2.237 stk.
Reynir	74 -
Asparpl. frá Garði	50 -
Víðikurl	6 -
Alls	<u>2.367 stk.</u>

Af þessu voru skógræktarstjóra sendar 1000 birkiplöntur í vor og 20 asparplöntur. Sáð var 6 kg. birki fræ í reitinn.

Ý m i s l e g t:

Í haust var safnað í skóginum 57.45 kg. af birki fræi, sem eftir að búið var að þurka það og hreinsa nam 45 kg. Af þessu fræi voru skógræktarstjóra send 25 kg., 5 kg. send að Eilöum, 2 kg. brúkuð hér í haust, en 13 kg. eru geymd til þess að sá út í vor eða til annara nota.

Af fræi því sem til var í ársbyrjun voru 10 kg. send vestur að Eyjólfssstöðum, 6 kg. sáð í græðireitinn, en afganginum sáð í rjóður innan skógar innan skógargirðingarinnar. Að vísu var allmikið fræ í skóginum í haust, en þó miklum mun minna en í fyrra, erfitt var að safna því sökum ills tíðarfars og votviðra, á þeim tím, sem þufti að safna því.

Á þessu ári hafa ekki hlaupið snjóflóð á girðinguna, en í sumar fékk hún mjög góða viðgerð á löngum köflum, svo þar er hún nú sem ný.

Allmarga steinsteypustólpa hefi ég búið til á þessu ári, enda gefa þeir mjög góða raun, og allar líkur til að þeir muni endast mjög lengi, ef þeir verða ekki fyrir sérstökum slysum.

B y g g i n g a r:

Það sem gert hefir verið til húsabóta á árinu er helzt þetta: í fjóshlöðunni brotnaði mæniás, sem orðinn var grautfúinn og nokk-

ir raftar, varð að taka þakið af meira en hálfri höðunni til þess að gera við, þetta.

Sökum raka var pappinn, sem stofurnar voru þiljaðar með orðinn mjög úr sér genginn, sundur-flagnaður og rifinn, og við nánari rannsókn kom í ljós að töluverður fúi var kominn í listana milli þils og veggjar er pappinn var negldur á. Var því óhjákvæmilegt að taka pappann niður. Voru báðar stofurnar niðri því næst klæddar á útveggina með timbur-þili og holið milli þils og veggjar fyllt með möluðum mó, en síðan pappalagt innan á þilin og stofurnar málaðar. Sömmuleiðis var stoppað með möluðum mó milli þils og útveggja og í þakið á austurherberginu uppi á loftinu..

Hefir steinhúsið þannig, fengið mjög góða og næðsynlega aðgerð. Í nálægt hálfan kjallarann hefir verið lagt steingólf.

Herbergið í vesturendanum uppi þarf að þilja og stoppa á sama hátt, en af fjárhagsástæðum gat það ekki orðið á þessu ári.

F e r ð a l ö g:

Hinn 30. júlí fór ég að heiman í eftirlitsferð austur um Aðaldal, Reykjadal, Laxárdal og Mývantssveit. Athugaði ég girðinguna á Ytra-Fjalli, var hún í góðu ástandi og füllgerð. Í vor var sáð 5 kg. af birkifræi í reitinn, hafði sumt af því spírað, svo vonandi kemur það að gagni með tíð og tíma.

Í Aðaldalshrauninum er grisjun mjög ábótavant, þótt ekki sé beinlínis rjóðurhöggið svo áberandi sé. Austan við Laxá út og yfir frá Nesi, er allbrött brekka niður að ánni, um hana er strjál-ingur af birkinýgræðingum, en mjög smávöxnum. Skoðaði ég brekku þessa fyrir beiðni S. Baldvinssonar bónda í Nesi. Vegna þess hve brekkan er brött er hætt við að snjórn muni skemma skóg þar, auk þess sem girðingarstæði er fremur óhentugt til þess að friða brekkuna.

Á Geitafelli hafa synir bóndans þar töluverðan áhuga á að friða skógarkjarr, sem er að austanverðu þar í dalnum, ef það kjarr væri friðað, þyrfti að sá góðu birkifræi í brekkuna neðan við kjarrið, helat ár eftir ár um nokkurt árabíl. Úr ferð þessari kom ég heim 5. ágúst. Var ég því að heiman í 7 daga.

Virðingarfullt,

Vöglum 10. jan. 1928.

Stefán Kristjánsson.